

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Hellisland 36.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 5. mars 2025 deiliskipulag fyrir íbúðarlóðina Hellisland 36 á Selfossi, sem skipt er upp í þrjár lóðir. Á lóðinni Hellislandi 36 er heimilað að byggja þriggja hæða íbúðarhús allt að 200 m² að grunnfleti og vinnuaðstöðuhús allt að 70 m². Á lóðunum Hellislandi 36A og 36B verður heimilt að byggja einnar hæðar hús allt að 150 m² að grunnfleti. Kvöð er um akstur í gegnum lóðina Hellisland 36A og að lóðinni Hellislandi 36B.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 26. maí 2025.

Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 11. júní 2025